

**R E G L U R**

**um**

**veðurathuganir á skipum og samningu veðurskeyta**

**Veðurstofa Íslands**

**Reykjavík 1959**

EFNISYFIRLIT.

Els.

Inngangur .....3

I. KAFLI

Almenn veðurskeyti frá skipum - Skeytalyklar .....4  
Merking bókstafa í skeytalyklum .....4

II. KAFLI

Tölur .....8

III. KAFLI

Hvenar og hvernig senda skal almenn veðurskeyti ...27  
Stormskeyti .....28  
Hafstilkynningar .....28  
Nokkrar athugasemdir um veðurathuganir .....29  
Veðurathugunaráhöld .....29

IV. KAFLI

Auglýsing um ýmsar ráðstafanir til öryggis við  
siglingar .....31

### INNGANGUR

Atvinnuvegir landsmanna eru í mjög ríkum mæli háðir veðráttunni, og má því öllum vera augljós nauðsyn þess, að fyrir hendi séu nákvæmar upplýsingar um veðurfar og að gerðar séu sem gleggstar og áreiðanlegastar veðurspár. Ríður mikið á, að veðurathuganir, sem veðurspár og rannsóknir á veðurfari eru byggðar á, séu gerðar af nákvæmi og samvirkusemi.

Um sjö tíundu hlutar af yfirborði jarðar eru huldir sævi, en af því leiðir, að þekking á veðri og veðurfyrirbærum er að verulegu leyti háð athugunum, sem gerðar eru á skipum á siglingu um úthólin.

Það eru vinsamleg tilmæli Veðurstofunnar, að sem flest íslensk kaupskip geri veðurathuganir og sendi veðurskeyti, þegar þau eru á siglinu um nyrzta hluta Atlantshafs, en frá þeim slóðum er oft mikill og mjög tilvinnanlegur skortur á veðurfregnum. Sama gildir að sjálfisögðu botnvörpunga, sem halda á fjarlæg mið, t.d. við Nýfundnaland, eða sigla með afla til erlendra hafna. Þá er það enn fremur ósk Veðurstofunnar, að hæfilegur fjöldi fiskiskipa sendi jafnan veðurskeyti frá miðunum umhverfis landið. Liggur í augum uppi, að erfitt er að gera góðar veðurspár fyrir miðin, ef þaðan berast engar veðurfregnir. Það má því teljast hagsmunamál sjómanna sjálfrá að senda Veðurstofunni veðurskeyti.

Leiðbeiningar þær, sem hér fara á eftir, fjalla að mestu um, hvernig semja skuli og senda veðurskeyti frá skipum.

Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir skeytalyklum, sem notaðir eru á íslenskum skipum, og merkingu lykilstafa (bókstafa í lyklunum). Í öðrum kafla eru ýmsar tölur, sem nota þarf við samningu veðurskeyta, og er þeim ráðað í stafrófsröð eftir lykilstöfum. Þriðji kafla fjallar um sendingu almennra veðurskeyta, stormskeyta og háfistilkynninga og um framkvæmd veðurathugana og veðurathugunar-áhöld. Í fjórða kafla er birt auglýsing nr. 63 10. apríl 1953 um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar. Auglýsingin fjallar að nokkru um veðurathuganir á íslenskum skipum og skyldu skipstjóra til að senda veðurskeyti.

F Y R S T I K A P L I

Almenn veðurskeyti frá skipum - Skeytalyklar.

Hvert veðurskeyti er nokkur talnaorð, og eru venjulega fimm tölustafir í hverju orði. Hver tala lýsir ákveðnum þætti veðursins. Fer það eftir því, hver í skeytinu talan stendur, hvaða þætti hún lýsir og hvernig.

Hér fara á eftir þeir alþjóðlegu skeytalyklar, sem notaðir eru á íslenskum skipum. Í lykklunum eru hinir ýmsu þættir veðursins táknaðir með mismunandi bókstöfum.

Skip, er hafa annað hvort hitamæli eða loftvog, sem viðurkennd er af Veðurstofunni, skulu senda samkvæmt eftirfarandi lykli (FM 22.A):

SHIP YQL<sub>a</sub>L<sub>a</sub>L<sub>a</sub> L<sub>o</sub>L<sub>o</sub>L<sub>o</sub>GG Nddif VVwwW PPPTT  
N<sub>h</sub>C<sub>l</sub>h C<sub>M</sub>CH (D<sub>sv</sub>s<sub>xxx</sub> ICE og þar á eftir upplýsingar um hafis í mæltu máli eða samkvæmt skeytaorðinu c<sub>2</sub>KD<sub>ire</sub>).

Skip, sem hafa hvorki hitamæli eða viðurkennda loftvog, skulu senda samkvæmt eftirfarandi lykli (FM 23.A):

SHIP YQL<sub>a</sub>L<sub>a</sub>L<sub>a</sub> L<sub>o</sub>L<sub>o</sub>L<sub>o</sub>GG Nddif VVwwW (D<sub>sv</sub>s<sub>xxx</sub> ICE og þar á eftir upplýsingar um hafis í mæltu máli eða samkvæmt skeytaorðinu c<sub>2</sub>KD<sub>ire</sub>).

- Ath.: 1. Orðið D<sub>sv</sub>s<sub>xxx</sub> skal einungis senda frá skipum, sem fá um það sérstök fyrirhæli.
2. Orðið ICE er einungis sent, þegar á eftir fara upplýsingar um hafis.
3. Orðið c<sub>2</sub>KD<sub>ire</sub> fellur niður, þegar upplýsingar um hafis eru sendar í mæltu máli og þegar enginn hafis er.

Merking bókstafa í skeytalyklum.

Orðið SHIP er einkennisorð, og skal senda það í upphafi hvers skeytis. Gefur það til kynna, að á eftir fari veðurskeyti frá skipi.

Orðið YQL<sub>a</sub>L<sub>a</sub>L<sub>a</sub>

Y merkir vikudaginn, þegar veðurathuginn var gerð, og er miðað við miðtíma í Greenwich. Sunnudagur merkir til dæmis tímabilið frá klukkan 0000 til klukkan 2359 á sunnudegi í Greenwich. Sjá töflu á bls.26. Eins og kunnugt er, fellur miðtími í Greenwich saman við íslenskan sumartíma.

Q gefur til kynna hnattsvæðið, sem skipið er stadd á. Sjá töflu á bls.18.

$L_a L_a L_a$  merkir breidd staðarins í heilum gráðum og tíundu hlutum úr gráðu.

Dæmi: Breiddin er 63,8 gráður. Þá er  $L_a L_a L_a = 638$

#### Orðið $L_o L_o L_o GG$

$L_o L_o L_o$  merkir lengd staðarins í heilum gráðum og tíundu hlutum úr gráðu. Þegar lengdin er milli 100,0 gráður og 180,0 gráður er tölustafnum 1 sleppt framan af. Dæmi: Lengdin er 14,7 gráður. Þá er  $L_o L_o L_o = 147$ .  
Annað dæmi: Lengdin er 102,3 gráður. Þá er  $L_o L_o L_o = 023$ .  
Þriðja dæmi: Lengdin er 5,8 gráður. Þá er  $L_o L_o L_o = 058$ .

$GG$  merkir athugunartímann í heilum klukkustundum eftir miðtíma í Greenwich (íslenskum sumartíma). Dæmi: Athugun fór fram kl. 0304 GMT. Þá er  $GG = 03$ . Annað dæmi: Athugun var gerð kl. 1155 GMT. Þá er  $GG = 12$ .

#### Orðið $Nddff$

$N$  merkir skýjamagnið alls í áttundu hlutum, þ.e. hve margir áttundu hlutar himinhvolfisins eru huldur skýjum. Sjá töflu á bls. 17-18.

$dd$  merkir vindáttina, og er hún tilgreind í tugum gráða. Vindáttin er miðuð við réttar áttir, en ekki seguláttir. Dæmi: Vindur blæs úr suðri ( $180^\circ$ ). Þá er  $dd = 18$ .

Sjá töflu og mynd á bls. 11-12.

$ff$  merkir vindhraðann í hnútum (sjómílum á klst.) Sjá leiðbeiningar og töflu á bls. 14-16.

#### Orðið $VVWW$

$VV$  merkir skyggnið í lárétta stefnu. Sé skyggnið mismunandi eftir áttum, skal það lakasta tilgreint í skeytinu. Sjá töflu á bls. 19.

$ww$  merkir veðrið á athugunartíma (eða síðustu klukkustund fyrir athugunartíma). Sjá töflu á bls. 20-26.

$W$  merkir veðrið síðustu 3 eða 6 klukkustundir fyrir athugunartíma. Sjá leiðbeiningar og töflu á bls. 19-20.

#### Orðið $PPPT$

$PPP$  merkir loftþrýsting við sjávarmál í heilum millibörum og tíundu hlutum úr millibara. Senda skal upplýsingar um tugi, einingar og tíundu hluta, og er því 9 eða 10 sleppt framan af. Við hverja skipsloftvog þarf að nota sérstaka leiðréttingartöflu, sem Veðurstoian lætur í té,

til að leiðrétta aflesinn loftþrýsting, svo að út komi réttur loftþrýstingur við sjávarmál. Dæmi: Aflesinn loftþrýstingur 1019.6 mb, leiðrétting samkvæmt leiðréttingartöflu 1.3 mb. Þá er réttur loftþrýstingur við sjávarmál 1020.9 mb, og PPP = 209.

TT táknar lofthita í heilum Celsiusstigum. Tæplega háliu stigi (0.1-0.4) er sleppt, en hálfst stig eða rúmlega það (0.5-0.9) reiknað sem heilt, eins og eftirfarandi dæmi sýna. Þegar frost er, skal bæta 50 við stiga-töluna.

Hiti	TT	Hiti	TT
0.2	00	-0.1	50
0.9	01	-1.0	51
7.4	07	-9.7	60
12.6	13	-20.9	71

Orðið  $N_h C_L h C_M C_H$

$N_h$  táknar magn þeirra skýja, sem hverju sinni eru gefin til kynna með lykilstafnum  $C_L$ , en ef engin  $C_L$ -ský eru á lofti, þá táknar  $N_h$  magn þeirra  $C_L$ -skýja, sem tilgreind eru með lykilstafnum  $C_M$ . Sjá töflu á bls. 17-18.

$C_L$  lýsir hvaða  $C_L$ -ský (flákaský, þokuský, bólstraský og skúraský) eru á lofti. Sjá töflu á bls. 8-9. Við ákvörðun skýjategunda skal stuðzt við Skýjabók Veðurstofunnar.

$h$  táknar hæð lægstu  $C_L$ -skýja, ef þau eru á lofti, annars lægstu  $C_M$ -skýja. Sjá töflu á bls. 17.

$C_M$  lýsir hvaða  $C_M$ -ský (netjuský, gráblíka, regnþykki) eru á lofti. Sjá töflu á bls. 9-10.

$C_H$  lýsir hvaða  $C_H$ -ský (klósigar, mariutása, blíka) eru á lofti. Sjá töflu á bls. 8.

Orðið  $D_s v_{ss}$  Þetta orð senda einungis þau skip, sem fá um það sérstök fyrirmæli.

$D_s$  táknar í hvaða átt skipið hefur hreyft síðustu 3 klukkustundir fyrir athugunartíma. Hér er átt við heildarhreyfingu skipsins (vegna vélar, vinda og strauma). Miða skal við réttar áttir, en ekki seguláttir. Sjá töflu á bls. 11.

$v_s$  táknar með hvaða meðalhraða skipið hefur hreyft síðustu 3 klukkustundir fyrir athugunartíma. Sjá töflu á bls. 11.

xxx er notað til uppfyllingar í orðinu.

Orðið ICE er einkennisorð, og merkir að á eftir fari upplýsingar um hafis, annað hvort í mæltu máli eða orðið  $c_2KD_1$ re.

Orðitö c<sub>2</sub>KD<sub>1</sub>re

- c<sub>2</sub> lýsir harísnum. Sjá töflu á bls.10.
- K lýsir áhrifum issins á siglingar. Sjá töflu á bls.17.
- D<sub>1</sub> tilgreinir í hvaða átt hafisinn sést. Sjáist fleiri en ein isbrún, skal tilgreina þá, sem næst er eða mikilvægust. Miða skal við réttar áttir, en ekki seguláttir. Sjá töflu á bls.10-11.
- r táknað fjarlægð isbrúnar frá skipinu. Sjá töflu á bls.18.
- e lýsir stefnu isbrúnarinnar. Sjá töflu á bls. 13.

A N N A R K A F L I

TÖFLUR

C<sub>H</sub>- ský (háský).

C<sub>H</sub>

Klósigar, mariutása, blika.

- 0 Engir klósigar, mariutása eða blika á lofti.
- 1 Klósigatrefjar eða vatnslær, sem mynda ekki uppslátt.
- 2 Klósigakembur, stundum strýjaðar, venjulega ekki vaxandi og virðast stundum leifar af steðja á skúraskýi; eða klósigaborgir; eða klósigahnökrar.
- 3 Klósigakembur, oft með steðjalögun, enda leifar af efri hluta skúraskýja.
- 4 Uppsláttarklósigar. Trefjar eða vatnslær, sem dregur upp á loftið og fara venjulega þykkandi.
- 5 Klósigar (oft þverdráttur) og blika; eða blika eingöngu. Skýjunum slær upp á loftið og þau fara venjulega þykkandi, en samfellda hulan nær ekki miðja vegu milli hafs og hálofts (45° yfir hafsbrún).
- 6 Klósigar (oft þverdráttur) og blika; eða blika eingöngu. Skýjunum slær upp á loftið og þau fara venjulega þykkandi; samfellda hulan nær meir en miðja vegu milli hafs og hálofts (45° yfir hafsbrún), en þó ekki um allt loftið.
- 7 Elika um allt loftið.
- 8 Elika, sem fer ekki vaxandi og nær ekki yfir allt loftið (fyrirstöðublika).
- 9 Mariutása eingöngu; eða meira af henni en klósigum og bliku.
- X Sér ekki til klósiga, mariutásu eða bliku vegna myrkurs, þoku, sandfoks eða áþekkra fyrirbæra; oftast þó vegna samfelldra lægri skýja.

C<sub>L</sub>- ský (lágský)

C<sub>L</sub>

Flákaský, þokuský, bólstraský, skúraský.

- 0 Engin flákaský, þokuský, bólstraský eða skúraský á lofti.



- 1 Hnoðrar eða bólstraskýjaruðningur, eða hvort tveggja, þó ekki hrafnar.
- 2 Bólstrar eða klakkar. Á efra borði dragast þeir saman í hnykla, sem líkjast hvolfþökum eða turnum. Asamt þeim geta verið önnur bólstraský og flákaský, en neðra borð allra skýjanna er jafnhátt.
- 3 Skúraklakkar. Skúraský, sem eru hvorki greinilega trefjuð eða steðjalöguð í kollinn, en útlínur kollanna þó teknar að óskýrast. Asamt þeim geta verið bólstraský, flákaský eða þokuský.
- 4 Flákaský mynduð af bólstraskýjum. Asamt þeim geta verið bólstraský.
- 5 Flákaský, ekki mynduð af bólstraskýjum, svo að vitað sé.
- 6 Þokuskýjahula, meira eða minna samfelld, eða þokuskýjaruðningur, þó ekki sundurtætt þokuský undir úrkomuskýjum (hrafnar).
- 7 Hrafnar. Sundurtætt bólstraský eða þokuský undir úrkomuskýjum, venjulega gráblíku eða regnþykkni.
- 8 Bólstraský og flákaský, sem eru ekki mynduð af bólstraskýjum. Neðra borð bólstraskýjanna og flákaskýjanna er ekki í sömu hæð.
- 9 Skúraflókar. Skúraský með greinilega trefjaðan eiri hluta, oft steðjalaga. Asamt þeim geta verið á lofti skúraklakkar (efri hlutinn ekki greinilega trefjaður eða steðjalaga), bólstraský, flákaský, þokuský eða hrafnar.
- X Sér ekki til flákaskýja, þokuskýja, bólstraskýja eða skúraskýja vagna myrkurs, þoku, sandfoks eða áþekkra fyrirbæra.

C<sub>M</sub>- ský (miðský)

C<sub>M</sub>

Netjuský, gráblíka, regnþykkni

- 0 Engin netjuský, gráblíka eða regnþykkni.
- 1 Gráblíka, meiri hlutinn svo þunnur, að aðeins mótar fyrir sól eða tungli, eins og gegnum hrímað gler.
- 2 Annað hvort gráblíka, og er þá meiri hluti hennar svo þykkur, að byrgt geti sól eða tungl; eða regnþykkni.
- 3 Einföld breiða af netjuskýjum, meiri hlutinn þunnur, og einstakir kekkir breiðunnar taka hægum breytingum eða engum.
- 4 Smábreiður netjuskýja, oft ílangar og vindskainar, víðast hvar þunnar. Skýin eru í fleiri en einni hæð og taka sífelldum breytingum.
- 5 Netjuskýjauppsláttur. Þunn netjuskýjabönd, eða meira

eða minna samfelld netjuský, stundum þykk, og geta verið í fleiri en einni hæð. Skýin dregur upp á loftið, og þau fara venjulega þykkandi.

- 6 Netjuský, mynduð af bólstraskýjum eða skúraskýjum.
- 7 Netjuský í tvöfaldri eða margfaldri breiðu, venjulega þykk á köflum, en slær ekki upp á loftið; eða þykk netjuský, sem fara ekki vaxandi; eða netjuský ásamt gráblíku eða regnþykkni.
- 8 Netjuskýjaborgir eða netjuskýjahnökrar.
- 9 Skúraleg netjuský, venjulega í fleiri en einni hæð.
- X Sér ekki til netjuskýja, gráblíku eða regnþykknis vegna myrkurs, þoku, sandföks eða áþekkru fyrirbæra, eða þá vegna samfelldra lægri skýja.

C<sub>2</sub>

Lýsing á hafis

- 0 Enginnhafis (0 getur líka táknað, að ísbjarmi eða ísblik sjáist, og er þá nauðsynlegt, að áttin, sem bjarminn sést í, sé tilgreind.).
- 1 Nýmyndaður ís (íshroði, ískökur, þunn ísskán).
- 2 Landfastur lagnaðaris.
- 3 Ísrek.
- 4 Þétt íshröngl.
- 5 Opin renna við land eða meðfram landföstum ís.
- 6 Mikill og landfastur lagnaðaris.
- 7 Mikið ísrek.
- 8 Íshrannir; samanskrúfaður hafis, þar sem jakar rísa á rönd eða hafa kastast hver upp á annan.
- 9 Borgaris.

D<sub>1</sub>

I hvaða átt ísbrúnin sést frá skipinu.

- 0 Ekki er hægt að tilgreina neina ísbrún.
- 1 Ísbrún sést í NA
- 2 " " " A
- 3 " " " SA
- 4 " " " S

- 5 Isbrún sést í SV
- 6 " " " V
- 7 " " " NV
- 8 " " " N
- 9 Isbrúnir sjást í fleiri áttum.

D<sub>s</sub> Hreyfing skipsins síðustu 3 klukkustundir fyrir athugun

- 0 Skipið hefur verið kyrrt.
- 1 Skipið hefur hreyfzt til NA
- 2 " " " " A
- 3 " " " " SA
- 4 " " " " S
- 5 " " " " SV
- 6 " " " " V
- 7 " " " " NV
- 8 " " " " N
- 9 Hreyfing skipsins óþekkt.

Ath. Hér er átt við heildarhreyfingu skipsins (vegna vélar, vinda og strauma).


dd

Vindátt

00	Logn	17	165° - 174°
01	5° - 14°	18	175° - 184°
02	15° - 24°	19	185° - 194°
03	25° - 34°	20	195° - 204°
04	35° - 44°	21	205° - 214°
05	45° - 54°	22	215° - 224°
06	55° - 64°	23	225° - 234°
07	65° - 74°	24	235° - 244°
08	75° - 84°	25	245° - 254°
09	85° - 94°	26	255° - 264°
10	95° - 104°	27	265° - 274°
11	105° - 114°	28	275° - 284°
12	115° - 124°	29	285° - 294°
13	125° - 134°	30	295° - 304°
14	135° - 144°	31	305° - 314°
15	145° - 154°	32	315° - 324°
16	155° - 164°	33	325° - 334°

- 34 335° - 344°
- 35 345° - 354°
- 36 355° - 4°
- 99 Ereytileg átt

Ath. Vindáttina skal miða við réttar áttir, en ekki seguláttir.



e

Steina isbrúnar.

0 Ekki hægt að áætla stefnu isbrúnar - skipið utan við isinn.

1 Isbrún frá NA til SV og isinn liggur NV við hana.

2 " " A til V " " " N " "

3 " " SA til NV " " " NA " "

4 " " S til N " " " A " "

5 " " SV til NA " " " SA " "

6 " " V til A " " " S " "

7 " " NV til SA " " " SV " "

8 " " N til S " " " V " "

9 Ekki hægt að áætla stefnu isbrúnar. Skipið í isnum.

<u>if</u>	<u>Veðurhæð og vindhraði.</u>					
<u>Veðurhæð</u> <u>Vindstig</u>	<u>Heiti</u>	<u>ff</u>	<u>Eraði</u> <u>(hnútar)</u>	<u>Ahrif á rúmsjó.</u>	<u>Ahrif á landi.</u>	<u>Sennileg ölduhæð</u> <u>á rúmsjó, metrar</u>
0	Logn	00	0-1	Spegilsléttur sjór.	Logn, reyk leggur beint upp.	
1	Andvari	02	1-3	Smágárar myndast, en hvítna hvergi.	Vindstefnu má sjá á reyk, en flögg hreyfast ekki.	0.1 (0.1)
2	Kul	05	4-6	Avalar smábárur myndast. Glampar á þær, en ekki sjást þess nærki, að þær brotni eða hvítni.	Vindblar finnast á andliti Skrjófur í lauffi. Lítil flögg þarast	0.2 (0.3)
3	Gola	09	7-10	Bárur, sem sumár hverjar brotna og glitrar á. Á stöku stað hvítar í báru (skýtur fuglsbringum).	Lauf og smágreinar á stöðugri hreyfingu. Ereiðir úr léttum flöggum.	0.6 (1)
4	Kaldi	13	11-16	Allviða hvítar í báru.	Laust ryk og pappírssneplar taka að fjúka. Lítlar trjágreinar þarast	1 (1.5)
5	Stinningsgola	18	17-21	Allstórar öldur myndast (hugsanlegt að sum staðar kembi úr öldu).	Lítil lauftfé taka að sveigjast. Freyðandi bærur á stöðuvötnum.	2 (2.5)
6	Stinningskaldi	24	22-27	Stórar öldur taka að myndast, sennilega kembi nokkuð úr öldu.	Stórar greinar svigna. Hvin í símalinum. Erfitt að nota regnhlífar	3 (4)

Veðurhæð og vindhraði (frh.)

<u>Veðurhæð</u>	<u>Heiti</u>	<u>ff</u>	<u>Hraði</u>	<u>Ahrif á rúmsjó.</u>	<u>Ahrif á landi.</u>	<u>Sennileg ölduhæð</u>
<u>Vindstig</u>			<u>(hnútar)</u>			<u>á rúmsjó, metrar*</u>
7	Allhvass vindur (Allhvasst)	30	28-33	Hvít froða fer að rjúka í rákum undan vindi	Stór tré sveigjast til. Dreytandi að ganga móti vindi	4(5.5)
8	Hvassviðri	37	34-40	Löðrið slitur sig úr ölduföldunum og rýkur í greinilegum rákum undan vindi. Holskeflur taka að myndast.	Trjágreinar brotna. Illiært að ganga á móti vindinum	5.5 (7.5)
9	Stormur	44	41-47	Þéttar löðurrákir í stefnu vindans. Særókið getur dregið úr skyggninu. Stórar holskeflur.	Litils háttar skemmdir á mannvirkjum (þakhellur fara að fjúka). Varla hægt að ráða sér á ber-svæði.	7 (10)
10	Rok	52	48-55	Mjög stórar holskeflur. Stórar löðurflygsur rjúka í þéttum hvítum rákum eftir vindstefnunni. Sjórinna er nær því hvítur yfir að líta. Dregur úr skyggni.	Fremur sjaldgæft í inn-sveitum; tré rífa upp með rótum; talsverða skemmdir á mannvirkjum.	9 (12.5)
11	Ofsaveður	60	56-63	Geysistórar öldur, (bátar og miðlungs stór skip geta horfið í öldudölnum). Sjórinna alþakinn löngum hvítum löðurrákum. Alls staðar rötast öldufaldarnir upp í hvíta froðu. Dregur úr skyggni.	Sjaldgæft í innsveitum miklar skemmdir á mannvirkjum.	11.5 (16)
12	Fárviðri	68	64-71	Loftið er fyllt særóki og löðri. Sjórinna er alhvítur af rjúkandi löðri. Dregur stórlega úr skyggni.		14 (-)

Veðurhæð og vindhraði (frh.)

<u>Veðurhæð</u> <u>Vindstig</u>	<u>Heiti</u>	<u>ff</u>	<u>Hraði</u> <u>(hnútar)</u>	<u>Áhrif á rúmsjó.</u>
13	Fárviðri	76	72-80	) Loftið er fyllt særoki og löðri
14	"	85	81-89	) Sjórinna er alhvítur af rjúkandi
15	"	95	90-99	) löðri. Dregur stórlega úr
16	"	104	100-108	) skyggni.
17	"	114	109-118	)

Ath. Þegar veðurhæðin er meiri en 12 vindstig er mjög erfitt að áætla hana. Vindmælar sýna þó stundum vindhraða, sem er meiri en 71 hnútur. Þess eru jafnvel dæmi, að vindhraðinn verði meiri en 100 hnútar.

\* Þessum dálki er einungis ætlað að gefa grófar upplýsingar um sennilega ölduhæð á rúmsjó, og er hann ætlaður til stuðnings við áætlun veðurhæðar. Tölurnar í svigum geia til kynna sennilega hámarksölduhæð.

Ath. Ef vindhraði yfir 100 hnúta, er l sleppt framan af, en 50 bætt við dd



h Með yfir athugunarstað á neðra borði lögstu  $C_L$ -skýja,  
ef  $C_L$ -ský eru á lofti, annars lögstu  $C_M$ -skýja.

- 0 0 - 50 m
- 1 50 - 100 m
- 2 100 - 200 m
- 3 200 - 300 m
- 4 300 - 600 m
- 5 600 - 1000 m
- 6 1000 - 1500 m
- 7 1500 - 2000 m
- 8 2000 - 2500 m
- 9 meira en 2500 m, eða engin ský á lofti.

Ath. Ef engin ský eru á lofti, er  $h = 9$ , og orðið  $N_C C_L h C_M C_H$  verður 00900.

K Ahrif hafss á siglingar.

- 0 Vel fært öllum skipum.
- 1 Vel fært vélskipum, en torfarið seglskipum.
- 2 Torfarið aflitlum vélskipum, ófært seglskipum.
- 3 Aðeins aflmikil vélskip komast áfram.
- 4 Aðeins fært vélskipum, sem eru sérstaklega byggð til að þola íspungann.
- 5 Siglingar færar með aðstoð ísbrjóta.
- 6 Opin renna í ísbreiðunni.
- 7 Ófært öllum skipum um stundarsakir.
- 8 Ófært öllum skipum.
- 9 Siglingaskilyrði ókunn (t.d. vegna illviðra).

N Skýjamagnið alls í áttundu hlutum.

$N_h$  Magn  $C_L$ -skýja, ef til eru, annars  $C_M$ -skýja.

- 0 Engin ský á lofti.
- 1 1/8 af himinhvolfi eða minna er halinn skýjum, þó einhver vottur af skýjum.
- 2 2/8 (1/4) af himinhvolfi eru huldur skýjum.
- 3 3/8 af himinhvolfi eru huldur skýjum.
- 4 4/8 (1/2) af himinhvolfi eru huldur skýjum.
- 5 5/8 af himinhvolfi eru huldur skýjum.

- 6 6/8 (3/4) af himinhvolfi eru huldir skýjum.
- 7 7/8 af himinhvolfi eru huldir skýjum eða meira, þó ekki alskýjað.
- 8 Alskýjað.
- 9 Sér ekki til lofta vegna þoku, moldroks eða spekkra fyrir-  
hara.

Ath. Á næturnar er bezt að athuga skýjamagnið með því að  
finna á hve mörgum áttundu hlutum himins stjörnur sjást.  
Þá er afgangurinn kallað skýjum.

<u>Q</u>	<u>Snattsvæði, sem skipið er stutt á.</u>	
0	0° - 90° vestlæg lengd	)
1	90° - 180° " "	)
2	180° - 90° austlæg lengd	)
3	90° - 0° " "	)
4		)
5	0° - 90° vestlæg lengd	)
6	90° - 180° " "	)
7	180° - 90° austlæg lengd	)
8	90° - 0° " "	)
9		)

Norðurhvel jarðar

Suðurhvel jarðar

<u>r</u>	<u>Þjarlagð isbrúnar frá skipinu.</u>
0	0-1 sjómila
1	1-2 sjómilur
2	2-4 "
3	4-6 "
4	6-8 "
5	8-12 "
6	12-16 "
7	16-20 "
8	Meira en 20 sjómilur.
9	Þjarlagðin ekki tilgreind eða ekki athuguð.

VV Skyggni

- 90 Minna en 50 metrar
- 91 50 - 200 metrar
- 92 200 - 500 "
- 93 500 -1000 "
- 94 1 - 2 kílómetrar
- 95 2 - 4 "
- 96 4 - 10 "
- 97 10 - 20 "
- 98 20 - 50 "
- 99 50 kílómetrar eða meira.

Ath. Sé skyggni mismunandi eftir áttum, skal það lakasta tilgreint.

Vs Meðalhraði skipsins (vegna vélar, vinda og strauma) síðustu 3 klukkustundir fyrir athugun.

- 0 Skipið hefur lítið sem ekki hreyft úr stað.
- 1 Skipið hefur færzt um 1 - 3 sjómílur á klst.
- 2 " " " " 4 - 6 " " "
- 3 " " " " 7 - 9 " " "
- 4 " " " " 10 - 12 " " "
- 5 " " " " 13 - 15 " " "
- 6 " " " " 16 - 18 " " "
- 7 " " " " 19 - 21 " " "
- 8 " " " " 22 - 24 " " "
- 9 " " " " meira en 24 sjómílur á klst.

W Veðrið síðustu 3 eða 6 klukkustundir á undan athugun.

- 0 Hálfskýjað eða minna allt tímabilið.
- 1 Hálfskýjað eða minna nokkurn hluta tímabilsins, en meira en hálfskýjað hinn hlutann.
- 2 Meira en hálfskýjað allt tímabilið.

- 3 Sandfok, moldrok eða skairenningur.
- 4 Þoka eða dimmt mistur.
- 5 Úði.
- 6 Rigning.
- 7 Snjócoma eða slydda.
- 8 Skúrir eða ól (hryðjuveður).
- 9 Þrumuveður (með eða án úrkoma).

Ath. 1. Timabilið, sem W á við, er

- a. 6 klst., þegar athugun er gerð kl. 00, 06, 12 eða 18 GMT (kl. 23, 05, 11 eða 17 eftir ísl. miðtíma).
  - b. 3 klst., þegar athugun er gerð kl. 03, 09, 15 eða 21 GMT (kl. 02, 08, 14 eða 20 eftir ísl. miðtíma).
2. Ef fleiri en einn skeytastafur getur átt við liðna veðrið, skal velja þann hæsta. Þó skal alltaf velja skeytastafinn þannig, að W og ww til samans lýsi veðrinu eins fullkomlega og kostur er á. Ef til dæmis veðrið breytist verulega á tímabilinu, skal W eiga við það veður, sem var áður en það veður kom, sem lýst er með ww.
3. Eftirfarandi orðum skal bæt看 við skeytið, þegar ástæða er til samkvæmt þessum reglum:

PAST HAIL	Ef hagl hefur fylgt skúrum eða þrumuveðri á tímabilinu fyrir W.
SNOW	Ef snjóél hefur verið og hitinn á athugunartíma er hærri en 0°C.
SLEET	Ef slydduél hefur verið og hitinn á athugunartíma er hærri en 0°C.
SANDSTORM	Ef sandfok hefur verið og hitinn á athugunartíma er lægri en 0°C.

ww Veðrið á athugunartíma (eða síðustu klukkustund fyrir athugunartíma).

00-49: Engin úrkoma á veðurstöðinni á athugunartíma.

00-19: Engin úrkoma, þoka, moldrok, sandfok eða skairenningur á stöðinni á athugunartíma eða á síðustu klst (nema ww=09).

97 Veðrið.

- 00 Ekki hegt að vita um broytingu skýjanna á síðustu klst. eða hún ekki athugað. )  
)  
) Breyting skýja
- 01 Skýja hafa hjaðnað eða minnkað á síðustu klst. (horfið, ef heiðskirt er á athugunartíma). )  
) á síðustu klst.
- 02 Skýja að mestu óbreytt eða heiðskir hinna á síðustu klst. )  
)  
)
- 03 Skýja hafa læzt í aukana á síðustu klst. )
- 04 Skyggnið er takmarkað vegna verkmiðjureyks eða) öskunigturs frá skógar- heiða- eða sléttueldi )  
eða frá eldfjöllum. )  
)  
)
- 05 Þurrastur (stakar mestmegnis af þurrum ryk- )  
tignum, ósýnilegum með þorum augum). )  
)  
)
- 06 Í loftinu er ryk (nistur); sem þyrlast þó ekki ) Roykur,  
upp á athugunarstaðnum eða í grennd við hann á ) ryk eða  
athugunartíma. Rykagnirnar eru a.m.k. að ) þurra-  
einhverju leyti sýnilegar með þorum augum. ) nistur
- 07 Ryk, mold eða sandur þyrlast upp á athugunar- )  
staðnum eða í grennd við hann, samt sjást ekki )  
greinilegir rykstrókar né sanddök eða molddök. )  
)  
)
- 08 Greinilegir rykstrókar, einn eða fleiri, á )  
athugunarstaðnum eða í grennd við hann á )  
síðustu klst. eða á athugunartíma, en ekkert )  
sanddök eða molddök. )  
)
- 09 Sanddök eða molddök er sjáanlegt eða hefir )  
verið á athugunarstaðnum á síðustu klst.
- 10 Þokunóða. Skyggni meira en 1 km. Loftið )  
er gráleitt og rakt. Móðan stakar af mjög )  
smáum vatnsdropum.
- 11 Þokulaða á kárlum. ) Þokulaða (dalalaða eða sjólaða)  
) við athugunarstaðinn. Hesta
- 12 Þokkurveginn sanfollid ) hæð þokunnar 2 m. á landi, 1  
þokulaða. ) m. á sjó.
- 13 Leitur (rosaljós) sjáanleg, en engin skrugga )  
heyrir.
- 14 Úrkoma sjáanleg, en nær ekki til jarðar.
- 15 Úrkoma sjáanleg og nær til jarðar í meira en )  
5 km. fjarlægð frá athugunarstað, en úrkomaust á )  
athugunarstað.

- 16 Úrkoma sjáanleg og nær til jarðar í minna en 5 km. rjarlægð frá athugunarstað.
- 17 Skruggur heyrast, en engin úrkoma á athugunarstaðnum.
- 18 Kvirkilvindur (einn eða fleiri) hefur sézt á síðustu klst.
- 19 Vatnsstrókar ("Kisur") eða skýstrokkur hafa sézt á síðustu klst.
- 20-29: Úrkoma, þoka eða þrunuveður á athugunarstaðnum á síðustu klst., en ekki á athugunartíma.

ww Veðrið.

- 20 Úði (súld), ekki frostuði )  
21 Rigning, ekki frostrigning. ) Úrkoma á  
22 Snjócoma. ) síðustu klst.  
23 Rigning og snjór (slydda). ) (ekki í skúrum  
24 Frostuði eða frostrigning. ) eða áljum).
- 25 Skúrir ) Skúrir  
26 Snjó- eða slydduél. ) eða ál  
27 Haglóel eða skúrir og haglóel (Hagl- snæ-) ) á síðustu  
28 Þoka, skyggja minna en 1 km. ) klst.  
29 Þrunuveður með eða án úrkomu. )

30-39: Moldrok, sandfok eða skafrenningur.

ww Veðrið.

- 30 Litilsháttar eða miðlungs moldrok eða sandfok, hefur farið minnkandi á síðustu klst.
- 31 Litilsháttar eða miðlungs moldrok eða sandfok, því nær óbreytt á síðustu klst.
- 32 Litilsháttar eða miðlungs moldrok eða sandfok, hefur aukist á síðustu klst.
- 33 Mikið moldrok eða sandfok, hefur farið minnkandi á síðustu klst.
- 34 Mikið moldrok eða sandfok, því nær óbreytt á síðustu klst.

- 35 Mikið moldrok eða sandiok, hefur aukist á síðustu klst
- 36 Lágrenningur, skafrenningur, sem nær minna en mannhæð frá jörðu, lítilsháttar eða miðlungs.
- 37 Lágrenningur, skafrenningur, sem nær minna en mannhæð frá jörðu, mikill.
- 38 Hárenningur, skafrenningur, sem nær meira en mannhæð frá jörðu, lítilsháttar eða miðlungs.
- 39 Hárenningur, skafrenningur, sem nær meira en mannhæð frá jörðu, mikill (skaftál, kór).

4.-49: Doka á athugunartíma. Skyggni minna en 1000 m.  
þess vinnu.

00 Veðrið.

- 40 Doka í grunn, en hefur ekki verið á athugunarstaðnum á síðustu klst. Dokan nær herra en athugunarstað.
- 41 Dokuruðningur, skyggni minna en 1 km.
- 42 Doka. Þeir orðið gisnari á síðustu klst. Sér til hins eða skjá fyrir ofan.
- 43 Doka. Hefur orðið gisnari á síðustu klst. Sér ekki til hins eða skjá fyrir ofan.
- 44 Doka. Hefur ekki breytt verulega á síðustu klst. Sér til hins eða skjá fyrir ofan.
- 45 Doka. Hefur ekki breytt verulega á síðustu klst. Sér ekki til hins eða skjá fyrir ofan.
- 46 Doka. Hefur skolið yfir eða orðið dimari á síðustu klst. Sér til hins eða skjá fyrir ofan.
- 47 Doka. Þeir skolið yfir eða orðið dimari á síðustu klst. Sér ekki til hins eða skjá fyrir ofan.
- 48 Frimboka. Sér til hins eða skjá fyrir ofan.
- 49 Frimboka. Sér ekki til hins eða skjá fyrir ofan.

51.-99: Úrkoma á athugunartíma á þeim stað, sem athugun er  
vonjulega gerð.

5.-59: Úfi (súld, þrsmár dropar), eða úfi og doka.

VI Veðrið.

- 50 Úði með uppstyttum, lítill á athugasartíma.
- 51 Oslitinn úði, lítill á athugasartíma.
- 52 Úði með uppstyttum, niðlungsþéttur á athugasartíma.
- 53 Oslitinn úði, niðlungsþéttur á athugasartíma.
- 54 Úði með uppstyttum, mikill á athugasartíma.
- 55 Oslitinn úði, mikill á athugasartíma.
- 56 Frostúði, lítillsháttar.
- 57 Frostúði, niðlungs þéttur eða mikill.
- 58 Úði og regn, lítillsháttar.
- 59 Úði og regn, niðlungs eða þétt (mikið).

60-69: Rigning eða rigning og þoka.

VII Veðrið.

- 60 Rigning með uppstyttum, lítill á athugasartíma.
- 61 Oslitin rigning, lítill á athugasartíma.
- 62 Rigning með uppstyttum, niðlungs á athugasartíma.
- 63 Oslitin rigning, niðlungs á athugasartíma.
- 64 Rigning með uppstyttum, mikill á athugasartíma.
- 65 Oslitin rigning, mikill á athugasartíma.
- 66 Frostrigning, lítillsháttar.
- 67 Frostrigning, niðlungs eða mikill.
- 68 Slydda eða úði og sajórn, lítillsháttar.
- 69 Slydda eða úði og sajórn, niðlungs eða mikill.

70-79: Snjókona eða snjókona og þoka.

VIII Veðrið.

- 70 Snjókona með uppstyttum, lítill á athugasartíma.
- 71 Oslitin snjókona, lítill á athugasartíma.
- 72 Snjókona með uppstyttum, niðlungsmikill á athugasartíma.



- 73 Oslitin snjókona, niðlungsmikil á athugunartíma.
- 74 Snjókona með uppsetyttum, mikil á athugunartíma.
- 75 Oslitin snjókona, mikil á athugunartíma.
- 76 Isnílar (með eða án þoku).
- 77 Kornsnjór (hnöttótt snjókona) (með eða án þoku).
- 78 Einstakir stjörnulega snjókristallar (með eða án þoku).
- 79 Iskorn. (Snágerð korn mynduð úr glærum ís).

80-99: Skára- eða óljáveður, eða úrkona með þrusuveðri.

v Veðrið.

- 80 Skár, lítillsháttar.
- 81 Skár, niðlungs eða mikil.
- 82 Skár, mjög mikil. (Skýfall).
- 83 Slydduól. (snjókona og regndropar saman), lítillsháttar.
- 84 Slydduól. ( snjókona og regndropar saman), niðlungs eða mikil.
- 85 Snjóól, lítillsháttar.
- 86 Snjóól, niðlungs eða mikil.
- 87 Haglóól (hagl eða smahagl), með eða án regns eða slyddu. Lítillsháttar.
- 88 Haglóól (hagl eða smahagl), með eða án regns eða slyddu. Niðlungs eða mikil.
- 89 Ishaglóól, með eða án regns eða slyddu, lítillsháttar.
- 90 Ishaglóól, með eða án regns eða slyddu, niðlungs eða mikil.
- 91 Lítillsháttar rigning á athugunartíma )
- 92 Niðlungs eða mikil rigning á athugunartíma. ) Þrusuveður á síðustu klukkustund en ekki á athugunartíma.
- 93 Lítillsháttar snjókona, slydda eða hagl á athugunartíma. )
- 94 Niðlungs eða mikil snjókona, slydda eða hagl á athugunartíma. )
- 95 Lítillsháttar eða niðlungs þrusuveður samfara regni, slydda eða snjókonu, en ekki hagli. ) Þrusuveður á athugunartíma.

VV Veðrið

- 76 Litilsháttar eða miðlungs þrusuveður )  
samara hagli (smahagli, hagli eða is- )  
hagli). ) Þrusuveður )  
77 Hikið þrusuveður samara rogni, slyddu )  
eða snjókomu, eða ekki hagli. ) C )  
athugasartíma. )  
78 Þrusuveður samara moldroki eða sand- )  
foki )  
79 Hikið þrusuveður samara hagli (sm- )  
hagli, hagli eða ishagli). )

X Upplýsingar ventar.

Merkis x er notað, þegar upplýsingar ventar að  
oinvörjuna ástæða um þann veðurþátt, er lýsa skal. Ef  
hitamálir or loftþæmur, skal t.d. senda xx í stað lothita  
í heilum stígu (FF).

Y Vikudagar.

- 1 Sunnudagur  
2 Mánudagur  
3 Þriðjudagur  
4 Miðvikudagur  
5 Þvítudagur  
6 Föstudagur  
7 Laugardagur

Ath. Miðað er við miðtíma í Greenwich. Sunnudagur telst  
til dæmis tímabilið frá kl. 0 til kl. 235 á sunnudegi  
í Greenwich.

Þ R I Ð J I K A F L I

Hvenær og hvernig senda skal almenn veðurskeyti.

Þess er óskað, að íslensk skip, sem eru á siglingu um Norður-Atlantshaf norðan 50. breiddarbaugs geri veðurathuganir og sendi almenn veðurskeyti, hvenær sem því verður við komið á eftirtöldum tímum:

Kl. 00 GMT  
Kl. 06 "  
Kl. 09 "  
Kl. 12 "  
Kl. 18 "

Ennfremur er þess óskað, að íslensk skip, sem eru á siglingu innan við 200 sjómílur frá Íslandi, geri veðurathuganir og sendi almenn veðurskeyti, þegar því verður við komið kl. 03, 15 og 21 GMT.

Miklu máli skiptir að veðurathuganir séu gerðar stundvíslega, og má ekki skeika meiru en 10 mínútum til eða frá um athugunartímann. Hitt gerir miana til, að nokkur dráttur verði stöku sinnum á sendingu veðurskeytis, þegar erfitt er eða ófrankvæmanlegt að senda það strax. Jafnan skal þó senda veðurskeyti við fyrsta tækifæri.

Veðurskeytin skal senda til Veðurstofu Íslands (símnefni: Meteo Reykjavík), og skal tilgreint frá hvaða skipi skeytið er (nafn eða kallmerki). Ef þess er kostur skulu skeytin send um loftskæptastöðina í Reykjavík (TFA), en eftirtaldar loftskæptastöðvar taka þó einnig á móti veðurskeytum:

Ísafjörður Radió (TFZ)  
Siglufjörður Radió (TFX)  
Seyðisfjörður Radió (TFY)  
Vestmannaeyjar Radió (T.V)

Veðurstofan greiðir Landssíma Íslands að fullu fyrir flutning skeytanna, og leggst því enginn kostnaður á skipin í því sambandi.

Ymsar erlendar veðurstofur hafa mikinn áhuga á að fá veðurskeyti frá íslenskum skipum, og lætur Veðurstofan því senda þau til útlanda ásamt veðurskeytum frá veðurathugunarstöðvum í landi. Í þessu sambandi má nefna, að til greina getur komið, að íslensk skip verði beðin að senda veðurskeyti til tiltekinnna erlendra loftskæptastöðva, þegar ekki eru tæk á að koma þeim beint til Íslands. Verða síðar send nánari fyrirmæli um þetta, ef til kemur. Það skal tekið fram, að kostnaður við flutning skeytanna verður að sjálfsögðu greiddur af Veðurstofu Íslands eða hinum erlendu veðurstofum.

### Stormskeyti.

Þegar veðurhæð er 10 vindstig eða þar yfir, á Beaufort-vindstiga, skal tilkynna það nálægum skipum og næstu veðurstöfu í landi. Um skyldu skipstjóra á íslenskum skipum til að senda stormfrægnir (og ennfrumur almenn veðurskeyti, þegar Veðurstofa Íslands óskar þess) vísast til "Auglýsingar um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar", sem Sangöngumálaráðuneytið gaf út 10. apríl 1953. Auglýsingin er tekin upp í heild í fjórða kafla.

Stormfrægnir skal senda í mæltu máli (og helst á ensku). Nánari leiðbeiningar eru í fjórða kafla, bls. 31.

Það skal tekið fram, að Veðurstofunni er kærkomið að fá tilkynningar um óveður og snögg veðrabrigði, þótt veðurhæð nái ekki 10 vindstigum. Er skipstjórnarmönnum treyst til að dæma, hvenær ástæða er til að senda slíkar tilkynningar.

Stormskeyti getu litið þannig út:

- a. TTT Storm 0510GMT January 12. 62°32'N, 18°06'W.  
Wind SE, force 10. Rain. Barometer falling rapidly. Course 300; 6 knots.
- b. TTT Storm 2240GMT April 3. 63°10'N, 23°51'W.  
Barometer corrected 052 millibars. Wind W, force 9.  
Heavy snow showers. Visibility less than 1 km.

### Hafistilkynningar.

Verði skipstjóri á íslensku skipi var við hafis, ber honum skylda til að tilkynna það nálægum skipum, svo og hlutaðeigandi yfirvöldum í landi á næsta stað, sem til næst. Sé skipið stött í nánunda við Ísland, skal gera ráðstafanir til, að tilkynningin verði send til Veðurstofu Íslands.

Um skyldu skipstjóra til að senda hafisfrægnir vísast til "Auglýsingar um ýmsar ráðstafanir til öryggis við siglingar", sjá fjórða kafla, bls. 31.

Það sem einkum skal tekið fram í skeytum um hafis, er eftirfarandi:

1. Evernig ísnum er háttað, t.d. hvort heldur: jaka-stangl, ishroði, þéttur ishroði, ísspöng, hafisbreiða með vökum, samfelld hafishella (hafþök), ishrannir, borgaris o.s.frv.  
Þegar um fáa jaka er að ræða, skal tilgreina tölu þeirra.

2. Hvar hafisinn sást og hvenær (breidd og lengd staðarins í gráðum og mínútum eða önnur staðar-  
ákvörðun).
3. Hve stórt svæði isinn nær yfir.
4. Hve mikil hreyfing er á isnum og hvert hann virðist  
reka. Degar is er landfastur, skal tilgreint,  
hvar hann nemur við land.
5. Hver eru áhrif issins á siglingar.

Hafisfregnir gætu litið þannig út:

- a. TTT ICE Two icebergs  $66^{\circ}47'N$ ,  $24^{\circ}01'W$ , at 0719GMT  
June 2.
- b. Sigldum framhá 8 frekar litlum ísjökum og einum  
borgarísjaka um 5 sjómilur norður af Hornbjargsvita  
kl. 1530GMT 13. maí.
- c. Kl. 2105GMT 27. júní. Ishrafi  $312^{\circ} 20'$  sjómilur frá  
Straumnesi. Isspöng nokkru utar.
- d. 11. júní kl. 1500GMT. Staddir  $68,0^{\circ}N$ ,  $19,5^{\circ}V$ .  
Skammt norðan við okkur er 10 sjómílna löng ísbreiða,  
sem virðist liggja frá vestri til austurs. Erum  
við eystri mörk hennar. Isinn rekur litið eitt til  
suðurs.

#### Nokkrar athugasemdir um veðurathuganir.

Til þess að almenn veðurskeyti komi að sem bestum  
notum, er mikilvægt, að veðurathuganir séu gerðar stund-  
vislega og samtímis á öllum stöðum. Einkum gildir þetta  
þá þetti veðursins, sem breytast ört. Má af þessum  
sökum ekki skeika meiru en 10 mínútum til eða frá um  
athugunartímann.

Yfirleitt á að athuga fyrst þau atriði, sem eru  
áætluð, en síðan að framkvæma mælingar. Ber að stilla  
svo til, að lesið sé á loftvog (ef loftþrýstingur er  
athugaður) sem næst réttum athugunartíma.

Veðurskeytin skal skrá á þar til gerð eyðublöð, og  
er mikilvægt að útfyllt eyðublöð séu send til Veðurstofu  
Íslands, Sjómannaskólanum, Reykjavík.

#### Veðurathugunaráhöld.

Á íslenskum skipum eru yfirleitt ekki önnur veður-  
athugunaráhöld en hitamælir og loftvog.

Hitamælirinn er yfirleitt í sérstöku hylki, sem er útbúið þannig, að auðvelt er að sveifla mælinum í hring og fá með því talsverðan loftstraum til að leika um mæliskúluna. Sveifla skal mælinum, unz hann sýnir stöðugt sama hitastig, en þá skal lesa á hann og skrá hitastigið. Oft þarf að sveifla mælinum í 1-2 mínútur. Hitann skal mæla áveðurs á skipinu, en þó þarf að stilla svo til, að sól nái ekki að skína á mælinn. Varast ber að mæla á stöðum, þar sem mikinn hita leggur frá skipinu (t.d. nálægt reykhláf eða loftrásum frá vélarúmi).

Á íslenskum skipum eru yfirleitt fjaðurloftvogir (aneroid barometer). Við allesinn loftþrýsting þarf hverju sinni að leggja sérstaka leiðréttingu vegna hæðar loftvogarinnar yfir sjó, og oft þarf einnig að bæta við leiðréttingu vegna skekkju í loftvoginni. Sérstök leiðréttingartafla verður af þessum sökum að fylgja hverri loftvog. Þegar leiðréttingin hefur verið lögð við allesinn loftþrýsting, fæst réttur loftþrýstingur við sjávarmál.

Aður en lesið er á loftvogina skal slá nokkrum sinnum léttilega á hana með fingurgómum. Fæst með því móti nákvæmari mæling en eila.

Því miður breytist stilling fjaðurloftvoga oft með tímanum, og er þá nauðsynlegt að breyta leiðréttingartafli- unni. Þarf því öðru hverju að bera fjaðurloftvogir saman við áreiðanlega kvikasiltursloftvog eða annan áreiðanlegan loftþrýstingsvæli. Þegar íslensk skip eru stödd í Reykjavík, er því æskilegt að lesið sé á loftvogina á einhverjum athugasemdartíma fyrir almenn veðurskeyti. Þegar leiðréttingu hefur verið bætt við allesturinn, á að fást mjög svipuð niðurstaða og leiðréttur loftþrýstingur mældur á Veðurstofunni í Reykjavík, en upplýsingar um hann má fá í síma (og tvisvar á dag í veðurfregnum út- varpsins). Sé mismunur á leiðréttum loftþrýstingi mældum í skipinu og á Veðurstofunni að staðaldri 0.3 mb eða meiri, er nauðsynlegt að tilkynna Veðurstofunni um það. Verður loftvogin þá prófuð og væntanlega gerð ný leiðréttingartafla.

F J O R D I K A P L I .

1953            AUGLYSING UM YMSAR RAÐSTAFANIR TIL  
63              ÖRYGGIS VIÐ SIGLINGAR (BIRT EFTIR  
17. apríl      STJÓRNARTÍÐINDUM 1953, Þ-DEILD, ELS.  
                 182-186.

I. Um is, skipsflök og annað, sem siglingahætta getur stafað af.

1. gr.

Sérhver skipstjóri á skipi, sem fengið hefur tilkynningu um is, sem er á reki og hættulegur getur orðið skipinu á siglingaleið þess, skal láta skipið fara með hægri ferð meðan dimmat er af nóttu, eða breyta um siglingaleið, svo að skipið fari algerlega utan við hættusvæðið.

2. gr.

Sérhver skipstjóri á íslensku skipi, sem hittir is, skipsflök, stórviðri eða annað, sem hætta stafar af fyrir sjófarendur (þar á meðal galla á vitum og siglingamerkjum), skal strax með öllum þeim senditækjum og merkjum, sem hann hefur til umráða tilkynna það nálægum skipum, svo og hlutaðeigandi yfirvöldum á næsta stað í landi, sem til næst. Tilkynningar þessar skulu sendar á mæltu máli (helzt á ensku) eða þá með því að nota alþjóða-merkjakertið.

3. gr.

Þegar tilkynningar eru sendar sem loftskeyti skulu þær sendar til allra nálægra skipa og fyrstu landstöðvar, sem til næst, með beiðni um að tilkynningin verði send áfram til rétts hlutaðeigandi yfirvalds.

Loftskeyti skulu hefjast með öryggismerkkinu TTT, en í samtali með s e c u r i t e , og síðan tilgreint, hvórrar tegundar hættan sé, og skal sending þessara tilkynninga fara fram eins og tekið er áran í meðfylgjandi viðauka.

4. gr.

Loftskeytastöðvar á Íslandi, sem móttökið hafa frá skipi átti á rúmsjó tilkynningu um siglingahættu, or taldar eru í 2. og 3. gr., skulu senda hana, án kostnaðar fyrir skipið, símaleiðis til veðurstofunnar í Reykjavík, ef um is- eða stormfrétt er að ræða, en til vitamáskrifstofunnar í Reykjavík, ef um skipsflak eða annað rekald er að ræða. Þessar stofnanir sjá um frekari birtingu fregnanna.

Sömuleiðis skulu íslenskar landsímastöðvar afgreiða

símléiðis, án kostnaðar fyrir sendaða, tilkynningar til veðurstofunnar eða vitamálskrifstofunnar frá íslenskum eða erlendum skipstjórum um áður taldar siglingabættur.

5. gr.

Þau útgerðariðlög, sem hafa íslensk skip í ferðum yfir Atlantshaf, skulu tilkynna sangöngumálaráðuneytinu, hvaða leiðir skipum þeirra er ætlað að fara, og eins þær breytingar, sem á þeim kunna að verða.

Sangöngumálaráðuneytið gerir ráðstafanir til að slíkar tilkynningar verði birtar.

Utgerðarmenn skipa, sem fara um Atlantshafið, ættu að láta skip sín fara eftir hinum viðurkenndu leiðum.

Ennfremur ættu þeir útgerðarmenn, sem hafa í íðium skip sem fara um eða í nánunda við fiskigrunn Nýfundnalande, að benda skipstjórum sínum á það, að reyna að komast hjá því á vertíðinni þar, að fara norðar en 45° n. l. og norðast þau svæði, sem vitað er um eða ætla má að hettulög séu skipum vegna ísa.

II. Veðurathuganir.

6. gr.

Sú skylda hvílir á skipstjóra hvers þess skipa, sem til þess er valið af veðurstofunni, að gera veðurathuganir á ákveðnum tíma sólarhringsins og sjá um, að þær séu sendar út sam loftskeyti til veðurathugunarstöðva, eftir þeim reglum, sem gilda um slíka veðurþjónustu, og jafnvel að endurtaka þær, svo að önnur skip geti haft þeirra not.

Skip, sem ekki geta haft loftskeytasamband við veðurstofu á landi, ættu að láta veðurathugunarskip eða önnur skip, sem náð geta sambandi við landstöðvar, framsenda veðurathuganirnar.

7. gr.

Sérhver skipstjóri á að tilkynna skipum í nánunda við sig og veðurstofum á landi, er veðurhæðin hjá honum er 10 eða þar yfir, á Beauforts vindstiga.

Þegar skip er stött, eða heldur sig vera stött nálægt hitabeltis-storni, skal það senda út veðurathuganir sínar oftast en ella, séu ástæður fyrir bendi.

8. gr.

Til þess að allar stöðvar, sem þess óska, geti tekið veðurfregnir, sem sendar eru "til allra stöðva" (C A) eða útvarpað frá veðurstofunni, mega engar skipa-



stöðvar senda loftskoyti, eða viðhafa þráðlaust tal, meðan á sondingu veðurfrægnanna stendur, ef nokkur hættu er á því, að það truili náttöku veðurfrægnanna.

Þar veðurathuganir, sem sendar eru frá skipum til hanna ýmsu veðurathugunarstofnana, skulu fluttar með þeim forgangsrétti, sem ákveðinn er í alþjóðaloftskeytasambykktinni, sem í gildi er á hverjum tíma.

III. Skyldur til að veita þeim hjálp, sem í neyð eru staddir á hafinu.

9. gr.

Skipstjóri, á hvaða skipi sem er, sem á hafi áti íar vitneskju um, að skip, flugvél, björgunarbátur eða björgunarfleki sé í neyð staddur, skal skyldur til, sé hann þess megnugur, án alvarlegrar hættu fyrir skip sitt, skipshöfn og farþega, að kræða sér hinu nauðstadda fólki til hjálpar, og of hagt er, láta það vita, að hann sé að koma.

Sé hann ekki megnugur að koma hinu nauðstadda fólki til hjálpar eða séu sérstakar ástæður fyrir honni, svo að hvorki sanngirni né nauðsyn sé til að veita hjálpina, skal hann geta þess í dagbók skipsins, að hvaða ástæðum hann ekki veitti hina umboðnu hjálp.

10. gr.

Skipstjóri þess skips, sem í neyð er staddur, getur krafist aðstoðar frá einu eða fleiri þeirra skipa, sem svarað hafa beiðni hans og sem hann álitur best til þess fallna að veita hjálpina, skal þetta gert að svo miklu leyti sem unnt er í samráði við hlutaðeigandi skipstjóra.

Skipstjórin eða skipstjórnir, sem beðnir hafa verið um hjálp, skulu fara hinum nauðstadda til hjálpar eins fljótt og unnt er.

11. gr.

Skipstjóri er laus við skyldur þar, sem á honum hvíla samkvæmt 9. gr., þegar hann íar tilkynningu um það, að annað skip en hans hafi samkvæmt 10. gr. verið valið til þess að veita hina umboðnu hjálp, og veitt hana.

Ennfremur er hann laus við skyldur þar, sem á honum hvíla samkvæmt 10. gr., þegar hann íar tilkynningu um það frá hinu nauðstadda fólki eða skipstjóra á öðru skipi, sem komið er til fólksins, að hjálp þurfi ekki lengur við.

12. gr.

Hafi skip sent út neyðarmerki en skipstjóri þess líti síðar svo á, að hjálp sé ekki lengur þörf, skal hann

tafarlaust láta allar stöðvar, er hlut eiga að máli, vita um það, á þann hátt, sem greint er í alþjóða-loftskeytasambýktinni.

13. gr.

Þramangreind ákvæði um að hjálpa þeim, sem í neyð eru staddir á sjónum, skorta ekki ákvæði siglingalaganna í þessu efni.

IV. Niðurlagsákvæði.

14. gr.

Þrot gegn ákvæðum þessum varð reisingu samkvamt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til bryggis við siglingar, nema þyngri reising liggi við samkvamt öðrum lögum.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvamt lögum nr. 56 23. júní 1932, um ráðstafanir til bryggis við siglingar, til að sölust þegar gildi, og birtast til eftirbreytni allum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 69 3. júlí 1933, um ýmsar ráðstafanir til bryggis við siglingar o.fl.

Sangönguátlaráuneytið, 10. apríl 1953

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingóliason

Viðauki.

Leiðbeiningar um það, hvernig tilkynningar skuli vera um is, skipsflök, stórvíðri og aðrar virvofandi hættur fyrir sjófarendum.

I. Aðferð, þegar loftskeyti eru notuð:

TTT    TTT    TTT  
DE

Kallmerki loftskeytastöðvarinnar (3 sinnur)  
Hvort konar hætta    )  
Eini tilkynningar-    ) endurtekið oft.  
innar    )

II. Aðferð, þegar talstöð er notuð:

Sécurité    Sécurité    Sécurité  
(Framburður: se-ky-ri-te)

Nafn skipsins (þrisvar sinum)  
Hvers konar hætta )  
Eini tilkynningar- ) endurtekið oft.  
innar )

Æskilegt er, að í tilkynningum um hættur sé eftirfarandi tekið fram (tíminn er í öllum tilfellum Greenwich meðaltíni):

- a. Is, reköld og önnur bein siglingahætta fyrir sjófarendur.
  1. Hvers konar is, rekald eða siglingahætta hafi sézt.
  2. Staða íssins, rekaldsins eða siglingahættunnar, þegar hún sást.
  3. Dagur og stund, þegar hættan sást.
  
- b. Hitabeltisóveður (hvíflbyljir í Vestur-Indíum, svipti-  
byljir á Kinahafinu, lögðarstormar á Indlandshafi eða svipuð  
óveður á öðrum slóðum).
  1. Tekið sé fram, að skipið hafi lent í óveðri. Kvæð  
þessi skal skilin í viðri merkingu, þannig að senda  
skal tilkynningu um óveðrið, hvenær sem skipstjórinn  
telur sig hafa gilda ástæðu til að halda, að óveðrið  
sé í aðsigi.
  2. Upplýsingar um veðrið. Sérhver skipstjóri skal  
senda, ásamt tilkynningunni um hættuna, þar af  
eftirfarandi upplýsingar um veðrið, sem hann telur  
ástæðu til:
    - Greenwich meðaltíma, dag og stað skipsins, þegar  
athuganirnar voru gerðar.
    - Loftvægið (í millihörum, einskun þunlungum eða  
millimetrum. Þess skal jafnframt getið, hvort  
loftvægið er tekið óleiðrött eftir álestur á loft-  
vogina eða það er leiðrétt).
    - Breytingu á loftvæginu (breytingu þá á loft-  
væginu, sem átt hefur sér stað síðustu 3 klst).
    - Veðurhæð (eftir vindstiga Beauforts).
    - Sjógang (sléttur sjór (smooth), nokkur sjór  
(moderate), úfinn sjór (rough), ósjór (high)).
    - Undiröldu (lítill, nokkur, þung) og hvaðan hún  
kemur, eftir réttum áttum, upplýsingum um lengd  
öldunnar (stutt, meðallöng, löng) kvaðu og að gagni.
    - Steina skipsins eftir réttum áttum og hraði þess.
  
- c. Síðari athuganir. Eftir að skipstjóri hefur sent upp-  
lýsingar um óveður í hitabeltinu eða annars staðar, er  
æskilegt, þótt ekki sé það skylda, að athuganir séu  
gerðar og sendar á klukkutíma fresti, ef ástæða þykir til,  
og í öllu falli ekki með lengra en þriggja klukkutíma  
millibili meðan skipið er innan þess svæðis, sem óveðrið  
geysar á.

E K S E M P L E R

Ice.

TTT Ice. Large berg sighted in 4605 N., 4410 W., at 0800 GMT May 15.

Derelicts.

TTT Derelict. Observed derelict almost submerged in 4006 N., 1243 W., at 1630 GMT April 21.

Danger to Navigation.

TTT Navigation. Alpha lightship not on station. 1800 GMT January 3.

Tropical Storm.

TTT Storm 0030 GMT August 18. 2204 N., 11354 E. Barometer corrected 994 millibars, tendency down 6 millibars. Wind N.W., force 9, heavy squalls. Heavy easterly swell. Course 067,5 knots.

TTT Storm. Appearances indicate approach of hurricane. 1300 GMT. September 14. 2200 N., 7236 W. Barometer corrected 27,64 inches, tendency down. 015 inches. Wind NE., force 8, frequent rain squalls. Course 035,9 knots.

TTT Storm. Conditions indicate intense cyclone has formed 0200 GMT. May 4. 1620 N., 9203 E. Barometer uncorrected 753 millimetres, tendency down 5 millimetres Wind S. by W., force 5. Course 300, 8 knots.

TTT Storm. Typhoon to southeast. 0300 GMT. June 12. 1812 N., 12605 E. Barometer falling rapidly. Wind increasing from N.